

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 5. nóvember 2020 kl. 13:00 á rafrænu formi

Mættir voru 24 fulltrúar, sjá fylgiskjal.

Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Stefán Bogi Sveinsson formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hann til að Jón Björn Hákonarson yrði fundarstjóri og Valgerður Ágústsdóttir fundarritari.

Samþykkt samhljóða.

Jón Björn tók við fundarstjórn og lagði til að umræður um 1.-3. lið yrðu teknar samhliða að loknum þriðja dagskrárlíð. Var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar

Stefán Bogi Sveinsson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn.

2. Ársreikningar og starfs- og fjárhagsáætlun

Stefán Bogi Sveinsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2018 og 2019. Árið 2018 var afkoma ársins jákvæð um 903 þús. kr. Árið 2019 var afkoma ársins neikvæð um 97 þús. kr.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að afkoma ársins 2021 verði neikvæð um 170 þús. kr., og hið sama gildi um árið 2022.

Innistæða á bankareikningi samtakanna þann 29.10.2020 var rúmlega 5,2 m. kr.

3. Ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Í fjárhagsáætlun 2021-2022 leggur stjórnin til að aðildargjöld verði óbreytt frá því sem nú er.

Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

Orðið var gefið laust undir þessum lið. Arnór Benónýsson bar fram fyrirspurn um afstöðu fulltrúa ráðuneytanna í starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja og hvort enginn þeirra hefði viljað skrifa undir sameiginlegt álit með sveitarfélögunum. Stefán Bogi sagði afstöðu þeirra misjafna, mest bæri á áhyggjum úr atvinnuvegaráðuneyti vegna hugsannlegrar hækkunar á orkuverði. Ekki hefði reynt á sameiginlegt álit þar sem ákveðið hefði verið að hver aðili skilaði eigin afstöðu inn í lokaskýrslu, að því frátöldu að SO og Sambandið gerðu það sameiginlega.

Að lokinni yfirferð ársreikninga, skýrslu stjórnar, fjárhagsáætlunar og tillagna um árgjöld og þóknun stjórnar, kallaði fundarstjóri eftir því hvort gerðar væru athugasemdir við framkomnar tillögur og fundargögn. Engar athugasemdir bárust. Því skoðast ársreikningar, fjárhagsáætlun ásamt tillögum um árgjald og þóknun stjórnar samþykktar.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fyrir aðalfund.

5. Kosning formanns, annarra stjórnarmann og varamanna

Jón Björn kynnti fyrirleggjandi tillögu að formanni, aðalstjórn og varastjórn fyrir tímabilið 2020 - 2022.

Lagt var til að stjórnina skipuðu eftirtaldir:

Formaður

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti, Grímsness- og Grafningshreppur

Aðalstjórn

Arnór Benónýsson, oddviti, Þingeyjarsveit

Árni Eiríksson, oddviti, Flóahreppi

Díana Hilmarsdóttir, bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, Húnavatnshreppi

Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi, Sveitarfélagið Ölfusi

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, forseti sveitarstjórnar, Norðurþingi

Varastjórn

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, oddviti, Ásahreppi

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi, Fljótsdalshreppi

Skarphéðinn Orri Björnsson, varabæjarfulltrúi, Hafnarfjarðarkaupstað

Stefán Bogi Sveinsson, sveitarstjórnarfulltrúi, Múlaþingi

Tillögurnar voru bornar upp í einni afgreiðslu og kallaði Jón Björn eftir því hvort einhver önnur framboð væru eða athugasemdir gerðar. Svo var ekki og skoðast framangreind því rétt kjörin í stjórn samtakanna.

Jón Björn þakkar stjórnarmönnum sem eru að ganga úr stjórn fyrir gott starf í þágu samtakanna.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri í Flóahreppi.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn til vara. Fram kom að samtökin hafa aldrei kosið skoðunarmenn til vara. Ekki komu fram framboð í þau embætti á fundinum. Komi til forfalla skoðunarmanna þá kalla samtökin eftir öðrum úr röðum aðildarsveitarfélaga. Fram kom sú hugmynd að breyta ákvæði um skoðunarmenn til vara í samþykktum samtakanna.

7. Önnur mál

Til máls tóku Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Kjartansson í Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir og að lokum Stefán Bogi Sveinsson.

- I. Stefán Bogi fráfarandi formaður þakkaði fyrir samstarfið á undanförunum árum og hlakkar til að starfa með nýrri stjórn að verkefnum samtakanna.
- II. Rætt um mikilvægi þess að samtökin leiði umræðu um skattlagningu orkumannvirkja þrátt fyrir að starfshópur þar um hafi ekki skilað sameiginlegri niðurstöðu.
- III. Bent var á mikilvægi þess að halda áfram að lyfta umræðu um mikilvægi vindorku fyrir sveitarfélög. Rætt var um vindorku á Orkufundi samtakanna árið 2018 og þá var eitt helsta markmið kynnisferðar til Noregs að fræðast betur um vindorku og stöðu sveitarfélaga.

Fundarslit

Jón Björn Hákonarson þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og afhenti nýkjörnum formanni stjórn fundarins.

Ása Valdís Árnadóttir sleit fundi kl. 13:50.

Valgerður Ágústsdóttir, fundarritari.

Fylgiskjal. Þátttakendalisti

| Nafn: | Sveitarfélag. | Atkvæði |
|----------------------------|-----------------------------------|----------------|
| Ásta Begga Ólafsdóttir | Ásahreppur | Já |
| Helgi Kjartansson | Bláskógabyggð | Já |
| Valdimar O. Hermannsson | Blönduósþær | Já |
| Jón Björn Hákonarson | Fjarðabyggð | Já |
| Hrafnkell Guðnason | Flóahreppur | Já |
| Eydís Þ. Indriðadóttir | Flóahreppur | Já |
| Fannar Jónasson | Grindavíkurbær | Já |
| Ása Valdís Árnadóttir | Grímsnes- og Grafningshreppur | Já |
| Björn Pálmarsson | Grímsnes og-Grafningshreppur | Nei |
| Guðmundur Elíasson | Hafnarfjarðarkaupstaður | Nei |
| Jón G. Valgeirsson | Hrunamannahreppur | Já |
| Stefán Bogi Sveinsson | Múlaþing | Já |
| Kristján Þór Magnússon | Norðurþing | Já |
| Ágúst Sigurðsson | Rangárþing ytra | Já |
| Jóhann Friðrik Friðriksson | Reykjanesbær | Já |
| Díana Hilmaradóttir | Reykjanesbær | Nei |
| Björgvin Skafti Bjarnason | Skeiða og Gnúpverjahreppur | Já |
| Kristófer Tómasson | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | Já |
| Sylvía Karen Heimisdóttir | Skeiða-og Gnúpverjahreppur | Nei |
| Helgi Héðinsson | Skútustaðahreppur | Já |
| Arnór Benónýsson | Þingeyjarsveit | Já |
| Dagbjört Jónsdóttir | Þingeyjarsveit | Nei |
| Grétar Ingi Erlendsson | Sveitarfélagið Ölfus | Já |
| Helgi Gíslason | Fljótsdalshreppur | Já |
| Valgerður Ágústsdóttir | Starfsmaður Samtaka orkusveitarf. | Nei |